

Listaháskóli Íslands

Leiklistardeild – dansbraut

B.A.ritgerð

Leiðbeinandi: Karen María Jónsdóttir

# Vegir liggja til allra átta

Um möguleika til danssýninga á landsbyggðinni

Vigdís Eva Guðmundsdóttir

Febrúar 2009

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	1-2
<b>Kaflí 1 - Menningarmál á landsbyggðinni</b> .....	2-9
1.1 Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni.....	2-3
1.2. Menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga.....	3-4
1.3 Aðstaða .....	4-5
1.4 Úttekt á menningarhúsum á landsbyggðinni .....	5-8
1.4.1 Akureyri.....	5-6
1.4.2 Ísafjörður.....	6
1.4.3. Vestmannaeyjar .....	6-7
1.4.4 Skagafjörður.....	7
1.4.5 Egilsstaðir.....	7-8
1.5. Fjármögnunarleiðir.....	9
<b>Kaflí 2 – Danslistamenn á landsbyggðinni</b> .....	9-12
2.1. Höfuðborgarsvæði – landsbyggð.....	9-10
2.2. Sýningarferðir danslistamanna.....	10-12
<b>Kaflí 3 – Litið til Hollands</b> .....	12-16
3.1. Ísland landfræðilega í samanburði við Holland.....	12
3.2. Stutt ágríp af þróun ríkisstyrkja til menningarstarfsemi í Hollandi.....	13-14
3.3. Ríki og sveitarfélög.....	14-15
3.4 Hollenska ‘túrakerfið‘ .....	15-16
<b>Kaflí 4 – Nýjar leiðir</b> .....	16-17
<b>Niðurstöður</b> .....	17-19
<b>Heimildaskrá</b> .....	20-22
<b>Viðauki</b> .....	23

## Inngangur

Listsköpun hefur fylgt mannkyninu nánast frá upphafi. Þörfin til þess að skapa og koma hugsunum sínum, tilfinningum og heimssýn frá sér í myndum, orðum, söng, hreyfingu o.s.frv. er og hefur í gegnum aldirnar verið mannfólkinu nauðsynleg.

**Menning, -ar, -ar** KV 1 þroski mannlegra eiginleika mannsins, þjálfun mannsins, þjálfun hugans, verkleg kunnátta, andlegt líf, sameiginlegur arfur (venjulega skapaður af mörgum kynslóðum)<sup>1</sup>

Menning og listir eiga mikilvægan þátt í því að stuðla að víðsýni og umburðarlyndi fólks og öflugt menningarlíf skilar sér í virkari og upplýstari einstaklingum. Vel þarf að hlú að menningarmálum um allt land til þess að tryggja að allir hafi kost á að taka þátt í öflugum menningarstarfi. Öflug menningarstarfsemi getur ekki orðið að veruleika nema hún njóti nokkurra fjárstyrkja en því skal ekki gleyma að ef vel er hlúð að lista og menningarlífi getur það skilað sér margfalt til baka út í samfélagið. Menning í sinni víðustu mynd skilar um 5% af landsframleiðslunni.<sup>2</sup> Skapandi hugsun er afar verðmæt og því er mikilvægt að virkja þann sköpunarkraft sem býr í þjóðinni.

Landsbyggðin hefur í gegnum árin orðið nokkuð útundan þegar kemur að listum og menningu. Stór hluti þeirra sem hafa atvinnu af listum kjósa að setjast að á höfuðborgarsvæðinu og starfa þar við list sína. Undanfarin ár hafa verið tekin mörg skref í rétta átt í menningarmálum landsbyggðarinnar. Þó á enn eftir að taka mörg stór skref í þessum efnum svo að fjölbreyttar listgreinar geti notið sín í viðunandi aðstæðum víða um land.

Listdansinn hefur alltaf verið að mestu leyti bundinn við höfuðborgarsvæðið og hefur aldrei náð að festa sig í sessi á landsbyggðinni. Það má meðal annars rekja til þess að möguleikar til grunnmenntunar í listdansi á landsbyggðinni eru afar takmarkaðir. Mest öll listdansstarfsemi á Íslandi fer fram á höfuðborgarsvæðinu, en þar eru reknir þrír skólar sem bjóða upp dansnám á framhaldsskólastigi, einn skóli sem býður upp á dansnám á háskólastigi auk þess sem þar er starfræktur Íslenski dansflokkurinn. Lítið hefur verið ferðast með danssýningar út á land undanfarin ár.

---

<sup>1</sup> Árni Böðvarsson (ritstj.) (1996), bls 637.

<sup>2</sup> Ágúst Einarsson (janúar 2007), bls 2 - 3.

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða forsendur og möguleika á listdanssýningum á landsbyggðinni með tilliti til fjármagns og aðstöðu og skoða með hvaða hætti má bæta núverandi ástand.

## **Kafli 1- Menningarmál á landsbyggðinni**

Ísland er eitt strjálbýlasta land heims og auk þess eitt það fámennasta. Landið er stórt miðað við íbúafjölda sem telur um 313.000 manns og eru íbúar landsins mjög dreifðir um landið. Á Íslandi eru ekki lestir og því þarf að notast við ökutæki eða flugvélar til þess að komast á milli staða. Nokkur bæjarfélög á Íslandi eru einangruð og erfitt getur verið að komast að þeim að vetrarlagi. Auk þess er veðurfar oft á tíðum öfgakennt og gert það að verkum að erfitt er að ferðast um landið. Fram kemur í skýrslu um menningarmál á landsbyggðinni sem unnin var á vegum menntamálaráðuneytisins að samgöngur eru ein helsta ógnun við eflingu menningarstarfs á sumum landssvæðum.<sup>3</sup> Þar sem Ísland er eyja er landið nokkuð einangrað frá öðrum löndum. Fólksflæði um landið er því ekki mikið samanborið við það sem þekktist í þéttbýlum löndum Evrópu.

Að skapa fjölbreytt og öflugt menningarlíf um allt land er mikil áskorun og alls ekki auðvelt verkefni. Það er engu að síður verðugt verkefni og afar mikilvægt að það takist að tryggja kröftugt menningarlíf fyrir alla landsmenn, hvar á landinu sem þeir eru búsettir.

### **1.1. Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni.**

Árið 2001 kom út á vegum menntamálaráðuneytisins *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni*. Tilkoma skýrslunnar var sú að árið 1999 var ríkisstjórninni falið að vinna að framkvæmd áætlunar um byggðarmál. Eitt af aðalmarkmiðum áætlunarinnar var að finna mögulegar leiðir til þess að bæta búsetukjör á landsbyggðinni og þar með reyna að treysta búsetu úti á landi.<sup>4</sup> Lögð var áhersla á að efla hvers konar menningarstarfsemi á landsbyggðinni og í því samhengi skoða hvernig mætti

---

<sup>3</sup> Menntamálaráðuneytið (2000), bls 2.

<sup>4</sup> Menntamálaráðuneytið (2000). bls 6.

auðvelda og fjölga heimsóknnum listamanna til einstakra byggðarlaga.<sup>5</sup> Rannsóknir hafa leitt í ljós að aðgangur fólks að menningarviðburðum og afþreyingu hafa töluverð áhrif á það hvar fólk kys að setjast að, þ.e. fólk þykir almennt mikilvægt að hafa gott aðgengi að menningu og afþreyingu í nágrenni við sig. Fólk er í dag farið að gera kröfu um aukin lífsgæði og er þetta þáttur í því.<sup>6</sup> Ljóst er að uppbygging menningarstarfsemi er mikilvægur þáttur í því að sprona við fólksflutningum af landsbyggðinni og því brýnt að leggja ríka áherslu á slíka uppbyggingu.

## 1.2. Menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga

Í kjölfar skýrslunnar sem gerð var um menningarmál á landsbyggðinni var ákveðið að koma á fót menningarsamningum á milli ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu hefur ríkið gert sjö samsarfssamninga við jafnmörg landshlutasamtök á árunum 2001-2007 og eru samningarnir endurnýjaðir á tveggja ára fresti. Landshlutasamtökin sem um ræðir eru Austurland, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Suðurland, Suðurnes, Vestfirðir og Vesturland, en að landshlutasamtökunum sjö koma 69 sveitafélög.<sup>7</sup>

Markmið samninganna er að efla menningarstarf á landsbyggðinni og að beina þeim stuðningi sem kemur frá ríki og sveitarfélögum í einn farveg. Í samningunum kemur fram að öll landshlutasamtökin hafi sitt menningarráð sem gegnir m.a. því hlutverki að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til fjölbreyttra menningarverkefna auk þess sem þau hafa eftirlit með framkvæmdum verkefnanna.

Menningarráðin sjá um að veita styrki til menningarstarfsemi á tilteknu svæði og umsóknir eru metnar út frá þeim markmiðum sem sett hafa verið fram í menningarsamningnum við ríkið. Í sumum tilfellum veita menningarráðin styrki til reksturs þeirra menningarmiðstöðva sem þar eru starfræktar en á öðrum stöðum eru miðstöðvarnar reknar af þeim landshlutasamtökunum sem þær tilheyra.<sup>8</sup>

Samningarnir fela í sér samkomulag um ákveðnar fjárveitingar frá ríkinu annars vegar

---

<sup>5</sup> Menntamálaráðuneytið (2000), bls 4.

<sup>6</sup> Þróunarstofa Austurlands (2000).

<sup>7</sup> Karitas H Gunnarsdóttir, símtal, 26.02.2009.

<sup>8</sup> Menntamálaráðuneytið (e.d. a).

og frá sveitarfélögum landshlutasamtakanna hins vegar, en hlutur ríkisins er á bilinu 5-30% af heildarupphæðum og því er hlutur landshlutasamtakanna á bilinu 70-95% af heildarupphæðum.<sup>9</sup>

Menningarstyrkir eru að sögn Karitas H Gunnarsdóttir, skrifstofustjóra menningarmála í menntamálaráðuneytinu, fyrst og fremst hugsaðir sem verkefnasamningar til þess að efla möguleika til lista- og menningarstarfs á landsbyggðinni, stuðla að nýsköpun og ekki síst til þess að tengja landshluta saman með hinum ýmsu samstarfsverkefnum.<sup>10</sup>

### 1.3. Aðstaða

Um miðja 20. öldina, eða upp úr lokum seinni heimssyrjaldarinnar, fóru að rísa félagsheimili víða um land. Félagsheimilin voru skilgreind sem samastaðir fyrir, „ungmennafélög, verkalyðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana“.<sup>11</sup> Þau voru í þá tíð miðpunktur menningarstarfsemi og félagslífs á landsbyggðinni. Starfsemi þeirra var um tíma blómleg en í dag eru félagsheimilin í misjöfnu ástandi og starfsemi þeirra misjafnlega virk, sumir segja að fall þeirra hafi verið skjótt þegar dansleikjahald lagðist þar af að mestu. Segja má að félagsheimilin hafi þjónað sem menningarhús síns tíma.

Árið 1999 þótti ástæða til þess að endurskoða lög um félagsheimili sem voru gefin út árið 1948 og endurútgefin árið 1970. Það var gert í kjölfar rannsókna sem leiddu í ljós að aðstæður til menningarstarfsemi og virkni menningar- og listalífs höfðu mikil áhrif á val fólks á búsetu. Breyttar þjóðfélagsaðstæður kalla á breyttar kröfur. Augljóst var að í stað félagsheimilanna var nauðsynlegt að skapa betri aðstæður til fjölbreyttrar menningarstarfsemi á landsbyggðinni, þörfin á sérhæfðari menningarhúsum var brýn. Í janúar árið 1999 ákvað ríkisstjórnin að sérstök menningarhús skyldu byggð upp á fimm stöðum á landinu utan höfuðborgarsvæðisins.<sup>12</sup> Ákveðið var að menningarhúsin yrðu ekki byggð jafn víða og félagsheimilin, en talið var að með því að byggja upp fimm

---

<sup>9</sup> Menntamálaráðuneytið (e.d. a).

<sup>10</sup> Karitas H Gunnarsdóttir, símtal, 26.02.2009.

<sup>11</sup> Lög um félagsheimili nr. 1/1970

<sup>12</sup> Menntamálaráðuneytið (2000), bls 11.

menningarhús á þéttbýlum stöðum á landsbyggðinni væri hægt að gjörbreyta menningarlandslaginu. Lagt var upp með að í hinum þar til gerðu menningarhúsum væri góð aðstaða til fjölbreytts menningarstarfs og þau áttu að auðvelda íbúum landsbyggðarinnar að nálgast menningu í sínu nágrenni. Staðirnir fimm sem um ræðir eru Akureyri, Ísafjörður, Vestmanneyjar, Skagafjörður og Egilsstaðir. Ríkið veitti sérstaka stofnstyrki til þess að koma framkvæmdum af stað. Landshlutasamtökin sem koma að menningarmiðstöðvunum fimm sáu einnig um að fjármagna uppbyggingu húsanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Karitas Gunnarsdóttur eru menningarsamningarnir milli ríkis og sveitarfélaga ekki sérstaklega hugsaðir sem rekstrarstyrkir fyrir menningarhúsin, þó að menningarráðum sé frjálst að nota hluta þess fjármagns sem þau fá úthlutað til reksturs húsanna.<sup>13</sup> Útfærslur á menningarhúsunum eru ólíkar. Í sumum tilfellum var ákveðið að ráðast í nýbyggingar en á öðrum stöðum þótti skynsamlegra að endurnýja gömul hús, allt eftir því hvað hentaði hverju sinni.<sup>14</sup>

#### **1.4. Úttekt á menningarhúsum á landsbyggðinni**

Hér á eftir verður gerð stutt úttekt á menningarhúsunum. Skoðað verður hvernig ákveðið hefur verið að útfæra menningarmiðstöðvarnar og sérstaklega skoðað hvar er gert ráð fyrir danssýningum. Vert er að taka fram að víða um land má finna einhvers konar aðstöðu til sviðslistastarfsemi s.s. í félagsheimilum, en hér verður einungis lögð áhersla á menningarhúsin sem ríkisstjórnin ákvað árið 1999 að komið skyldi á fót.

##### **1.4.1 Akureyri**

Á Akureyri er menningarhúsið Hof í byggingu og er áætlað að verkinu verði lokið árið 2010. Eins og kemur fram á heimasíðu Hofs er húsið einkum ætlað sem tónlistar- og sviðslistarhús. Þar segir einnig að Hof muni skapa „verðugan ramma um menningar- og tónlistarlíf með því að bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu fyrir fjölbreytilega viðburði, s.s. á sviði tónlistar, leiklistar og danslistar.“<sup>15</sup> Leikfélag Akureyrar mun sýna hluta af sýningum sínum í húsinu þegar það verður tilbúið, en í byggingunni verður m.a. stór salur sem mun

---

<sup>13</sup> Karitas H Gunnarsdóttir, símtal, 26.02.2009.

<sup>14</sup> Menntamálaráðuneytið (1999)

<sup>15</sup> Menningarhúsið Hof (e.d. a).

taka 500 manns í sæti og annar minni sem mun taka 200 manns í sæti.<sup>16</sup>

Samkvæmt upplýsingum frá umsjónarmönnum Hofs verður þar sérstaklega gert ráð fyrir danssýningum. Í stærsta sal hússins verður um 200 m<sup>2</sup> svið en það er álíka stórt og stóra sviðið í Borgarleikhúsinu. Húsið verður vel búið af tæknibúnaði og það verður keyptur dansdúkur til þess að nota fyrir danssýningar.

#### **1.4.2. Ísafjörður**

Á Ísafirði eru starfrækt þrjú menningarhús sem gegna ólíkum hlutverkum. Um er að ræða gamla héraðsjúkrahúsið sem gegnir hlutverki bóka- og listasafns, salur tónlistarskólans sem notaður er til tónleikahalds og að lokum Edinborgarhúsið sem er meðal annars hugsað sem vettvangur fyrir sviðslistir. Edinborgarhúsið var byggt rétt eftir aldamótin 1900.<sup>17</sup>

Edinborgarhúsið hefur nýlega verið gert upp til þess að mæta þeirri starfsemi sem fram fer í húsinu. Í húsinu eru nokkrir misstórir salir sem henta vel til sviðslistasýninga af ýmsu tagi.<sup>18</sup>

Í Edinborgarhúsinu er sérstaklega gert ráð fyrir listdansi. Edinborgarsalurinn, stærsti salur hússins, er 221 m<sup>2</sup> að stærð. Í salnum er 60 m<sup>2</sup> færanlegt svið sem getur verið í 20 – 120 cm hæð frá gólfi. Samkvæmt upplýsingum frá starfsólki hússins hafa verið sýndar danssýningar á sviðinu. Einnig er möguleiki að sýna án upphækkaðs sviðs og þá má gera ráð fyrir því að sviðið geti verið mun stærra, eða rúmum 100 m<sup>2</sup>. Edinborgarsalurinn gæti því vel rúmað hinar ýmsu danssýningar. Hann myndi þó ekki rúma sýningar sem krefjast þess að vera sýndar á mjög stórum sviðum sambærilegum við stóra sviðið í Borgarleikhúsinu. Í Edinborgarhúsinu eru einnig tveir minni salir, en þeir henta síður fyrir danssýningar.<sup>19</sup>

#### **1.4.3. Vestmannaeyjar**

Í byrjun febrúar 2009 náðist samkomulag milli ríkis og bæjarráðs Vestmannaeyja um byggingu menningarhúss í bænum.<sup>20</sup> Bygging hússins er enn á hugmyndastigi og er líklegt

---

<sup>16</sup> Menningarhúsið Hof (e.d. b)

<sup>17</sup> Edinborg – menningarmiðstöð (2007 a).

<sup>18</sup> Þrjú menningarhús endurbyggð á Ísafirði (25.4.2003).

<sup>19</sup> Edinborg – menningarmiðstöð (2007 b)

<sup>20</sup> Eyjamenn reisa menningarhús (10.2.2009).

að það muni rísa á næstu árum.

Árið 2004 var gefin út skýrsla á vegum Vestmannaeyjabæjar um væntanlega menningarmiðstöð í bænum. Þar voru hugsanlegar útfærslur á húsinu skoðaðar auk þess sem litið var á hvaða þætti í menningarstarfsemi Vestmanneyja þyrfti að leggja áherslu á í nýju húsnæði. Í skýrslunni kemur fram að leiklistarstarfsemi bæjarins hafi góða aðstöðu í Bæjarleikhúsinu. Einnig kemur fram að þar sem ekki sé brýn þörf á nýrri aðstöðu fyrir sviðslistir í bænum væri algjör óþarfi að ætla slíkri starfsemi sérstaka aðstöðu í nýju menningarhúsi. Í skýrslunni kemur ekkert fram um danslistina og engin áform viðast vera um sérstaka aðstöðu til danssýninga.<sup>21</sup>

#### **1.4.4. Skagafjörður**

Í Skagafirði standa nú yfir endurbætur á félagsheimilinu Miðgarði í Varmahlíð. Húsið mun þjóna sem tónlistar- og ráðstefnuhús og haft er eftir menningarfulltrúa Skagafjarðar að þegar endurbótum ljúki verði þar gott svið og vandaður hljómburður.<sup>22</sup>

Einnig eru uppi hugmyndir um að byggja menningarhús á Sauðárkróki, en um væri að ræða menningarmiðstöð með áherslu á fræðastörf og sýningar.<sup>23</sup>

Því má sjá að í þar til gerðum menningarhúsum Skagafjarðar er, og verður ekki gert sérstaklega ráð fyrir danssýningum eða sviðslistastarfsemi yfir höfuð.

#### **1.4.5. Egilsstaðir**

Samkvæmt samningi sveitarfélaga á Austurlandi sem undirritaður var 9. janúar 2008 kemur fram að á Austurlandi eru starfræktar fjórar menningarmiðstöðvar, en hver þeirra hefur sitt sérsvið. Um er að ræða Skaftfell sem starfrækt er á Seyðisfirði og leggur áherslu á myndlist, Kirkju- og menningarmiðstöð í Fjarðarbyggð (Eskifirði) þar sem áhersla er lögð á tónlistarflutning og sýningarhald, Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs (Egilsstaðir) þar sem lögð er áhersla á sviðslistir og að lokum Menningarmiðstöð Hornafjarðar þar sem sýningar, bókmenntir og handverk eru í forgrunni.<sup>24</sup>

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs hefur aðsetur í Sláturhúsinu á Egilsstöðum sem

---

<sup>21</sup> Arnar S. Jónsson og Jón Jónsson (2004), bls 23-24.

<sup>22</sup> Ingunn Þráinsdóttir, tölvupóstur, 25.02.2009.

<sup>23</sup> Menntamálaráðuneytið (2005).

<sup>24</sup> Sveitarfélög á Austurlandi (2008).

hefur verið breytt í menningarmiðstöð með áherslu á sviðslistir.<sup>25</sup> Í húsinu eru tveir stórir salir auk nokkurra minni rýma. Annar af stóru söluum er um 100 m<sup>2</sup> og þar myndu rúmast danssýningar sem ekki krefjast mjög stórs rýmis. Hinn salurinn er svipaður að stærð en hann er hvort tveggja hringlaga og með stiga í miðju rýmisins og hentar því ekki vel til danssýninga.

Þegar haft var samband við framkvæmdarstjóra Menningarmiðstöðvar Fjótaldalshéraðs í sambandi við sérstaka aðstöðu fyrir dans í húsinu kom í ljós að þar hefur ekki verið sérstaklega gert ráð fyrir dansi, en þar eru t.d. ekki til dansdúkar. Það stendur þó til bóta á næstunni og samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdarstjóranum er mikill hugur í þeim að fá til sín danssýningar, þau hafa t.d. þegar haft samband við Íslenska dansflokkinn um mögulegar sýningar.<sup>26</sup> Því má ætla að innan tíðar verði þar ágætis aðstaða til danssýninga. Hugmyndir eru uppi um að byggja einhvern tímunn nýtt stjórnsýslu- og menningarhús í miðbæ Egilsstaða með áherslu á sviðslistir. Ekkert liggur þó fyrir um hvenær húsið verður byggt eða hvernig það verður útfært og því ekki hægt að segja til um hvort þar verði gert ráð fyrir danssýningum.

Af þessu má sjá að á þremur af fimm ofantöldum stöðum er gert ráð fyrir sviðslistum í þeim menningarmiðstöðvum sem hefur verið komið á fót. Á öllum þremur stöðunum hefur verið gert, eða stendur til að gera sérstaklega ráð fyrir danssýningum. Það fer þó eftir stöðum hvers konar danssýningar er ákjósanlegt að setja upp. Þannig má sjá að í Hofi, væntanlegu menningarhúsi á Akureyri, verður góð aðstaða fyrir stórar uppfærslur á meðan Edinborgarhúsið á Ísafirði og Sláturhúsið á Egilsstöðum geta vel tekið á móti sýningum sem ekki krefjast jafn mikils pláss. Menningarhúsin hafa ekki sérstakt fjármagn sem ætlað er til þess að kaupa til sín sýningar. Það fjármagn sem menningarmiðstöðvarnar fá er að mestu ætlað til reksturs húsanna. Menningarhúsin geta þó sóst eftir að fá til sín sýningar, en þá þarf að finna leiðir til þess að fjármagna ferðalög þátttakenda. Það er ekki til sérstakt kerfi sem ýtir undir að sýningar ferðist út á land.

---

<sup>25</sup> Menningarmiðstöð Fjótaldalshéraðs (e.d.).

<sup>26</sup> Ingunn Þráinsdóttir, tölvupóstur, 25.02.2009.

## 1.5. Fjármögnunarleiðir

Kostnaðarsamt getur verið að leggja upp í sýningarferðir út á land og ef listamenn hyggjast ferðast með sýningar sínar þurfa þeir að leita leiða til þess að fjármagna ferðirnar. Meðal mögulegra fjármögnunarleiða er að leita styrkja hjá ríki eða sveitarfélögum, leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum eða nota eigið fjármagn. Menntamálaráðuneytið hefur komið upp ýmsum styrkjum og sjóðum á sviði menningarmála. Ef litið er á styrktarsjóði á vegum ríkisins sem sviðslistafólk getur sótt í til þess að ferðast með sýningar má einna helst nefna Menningarsjóð félagsheimilanna. Sjóðnum er ætlað að efla menningarstarf á landsbyggðinni og hann hefur veitt ferðastyrki til listamanna og hópa.<sup>27</sup> Á vefsíðu menntamálaráðuneytisins kemur þó fram að ekki verði úthlutað úr sjóðnum árið 2009 þar sem sjóðurinn hafi ekki fjárframlag á fjárlögum 2009.<sup>28</sup> Þar sem sjóðurinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að styrkja sýningarferðir á landsbyggðina mun þetta eflaust leiða til þess að færri listamenn sjái sér fært að ferðast með verk sín út á land árið 2009 en undanfarin ár. Önnur leið til að fjármagna ferðalögin er að leita til sveitarfélga sem listamenn hyggjast heimsækja en misjafnt er á milli sveitarfélaga hvort og hvernig slíkir styrkir séu veittir. Einnig er möguleiki að leita til fyrirtækja um styrki og mörg fyrirtæki eru með menningar- og styrktarsjóði. Það er aftur á móti líklegt að töluvert dragi úr slíkum styrkveitingum nú þegar íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir þeim erfiðleikum sem raun ber vitni.

## Kaflí 2 – Danslistamenn á landsbyggðinni

### 2.1. Höfuðborgarsvæði - landsbyggð

Danslistin hefur að litlu leyti fest sig í sessi á landsbyggðinni. Eitt af því sem kemur í veg fyrir framþróun danslistarinnar á landsvísu, og eflaust flestra listgreina ef út í það er farið, er að listamenn starfa í flestum tilfellum aðallega á höfuðborgarsvæðinu. Fólk sækir í að starfa við list sína í höfuðborginni, hvort tveggja vegna þess að þar eru fleiri tækifæri og einnig vegna þess að það er hætta á að fólk einangrist faglega ef það er lengi fjarri öðrum

<sup>27</sup> Menntamálaráðuneytið (2000), bls 12.

<sup>28</sup> Menntamálaráðuneytið (e.d. b).

sem stunda sömu listgrein.<sup>29</sup> Í flestum greinum er mikilvægt að vinna í frjóu umhverfi þar sem fólk getur haft samskipti við starfssystkini sín eða fólk úr öðrum listgreinum til þess að vinna með, fá álit á hugmyndum o.s.frv.

Höfuðborgarsvæðið er einn af fáum stöðum á landinu þar sem boðið er upp á grunnmenntun í dansi og eini staðurinn á landinu þar sem boðið er upp á dansmenntun á framhalds- og háskólastigi. Þar er einnig Íslenski dansflokkurinn starfræktur en hann er eini dansflokkurinn á Íslandi sem starfræktur er allt árið um kring. Því er eðlilegt að flestir starfandi dansarar á Íslandi séu búsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Í öðrum þéttbýlli löndum, s.s. Hollandi blastir þetta mál öðruvísi við. Þar eru fleiri borgir og kjarnar þar sem starfandi listamenn setjast að og starfsemin er því dreifðari um landið. Þar er einnig hægt að sækja dansmenntun nokkuð víða um land og því hefur listgreinin haft ágætis möguleika til þess að skjóta rótum vítt og breytt um Holland. Ef Ísland er aftur skoðað í þessu samhengi má sjá að það er mögulegt að styrkja stöðu danslistarinnar á landsbyggðinni með ýmsu móti. Til dæmis mætti finna leiðir til þess að gera danslistamönnum kleift að dvelja við verkefni úti á landi um ákveðinn tíma. Ein leið væri t.d. að koma á samstarfsverkefnum milli danslistamanna af höfuðborgarsvæðinu og listamanna í ákveðnu byggðarlagi sem myndi t.d. enda með sýningu, námskeiði eða opinni vinnustofu.

Í gegnum árin hefur afar lítið verið gert af því að ferðast með danssýningar út á land. Það sem einna helst hefur staðið í vegi fyrir slíkum ferðum er aðstöðuleysi og skortur á fjármagni. Einn af lykilþáttum í því að styrkja stöðu danslistarinnar á landsbyggðinni er að auka sýningarferðalög danslistamanna. Með því að fjölga sýningarferðum má auka áhuga og skilning fólks á listforminu. Til þess að það geti orðið að veruleika þarf að mynda einhvers konar kerfi til þess að auðvelda listamönnum að leggja upp í sýningarferðir.

## **2.2. Sýningarferðalög danslistamanna**

Haft var samband við starfandi dansara og danshöfunda sem hafa lagt leið sína út á land undanfarin ár til þess að sýna verk sín. Þeir voru spurðir annars vegar út í aðstöðu til sýninga og hins vegar um fjármögnun ferðanna. Með spurningunum var reynt að ná fram mynd af því hvert danslistamenn hafa helst farið undanfarin ár og hvernig þeir hafa kostað

---

<sup>29</sup> Menntamálaráðuneytið (2000), bls 25.

ferðirnar.<sup>30</sup>

Þegar litið er á hvert íslenskir danslistamenn hafa ferðast með verk sín undanfarin ár kemur í ljós að flestir þeirra hafa sýnt í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Það kom fram almenn ánægja með aðstæður í húsinu, en þar er góð aðstaða fyrir danssýningar. Einnig höfðu einstaka sýningar farið fram í Ketilhúsinu á Akureyri, leikhúsinu á Akureyri, leikhúsinu í Vesmannaeýjum, Landnámssetrinu í Borgarnesi og menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði.

Í flestum tilfellum voru sýningarferðirnar farnar af frumkvæði listamannanna sjálfra, þeir höfðu þá sett sig í samband við fólk úti á landi um samstarf. Í einu tilfelli hafði Leikfélag Akureyrar beðið um að ákveðin danssýning yrði sett þar upp og þá kom leikfélagið að hluta til að fjármögnun ferðalagsins.

Þegar skoðað er hvernig sýningar þeirra listamanna sem haft var samband við voru fjármagnaðar kemur í ljós að Menningarsjóður félagsheimila veitti ferðastyrki fyrir mörg verkefna. Það sýnir hve mikilvægu hlutverki sjóðurinn hefur gegnt í sambandi við ferðalög listamanna út á land. Í einstaka tilfellum höfðu miðasölupeningar verið notaðir til þess að mæta kostnaði. Hvað varðar aðra styrki höfðu tveir viðmælenda hlotið ferðastyrk frá einleikjahátíðinni Actalone sem þeir tóku þátt í, en hátíðin er haldin í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Actalone hefur verið haldin árlega frá árinu 2004 og árið 2008 var dansverkum í fyrsta sinn boðið á hátíðina. Hátíðin er styrkt af fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum og það er afar jákvætt og hvetjandi að hátíðin geti staðið undir ferðakostnaði þáttakenda.<sup>31</sup>

Athyglisvert er að Íslenski dansflokkurinn hefur aðeins farið í eina sýningarferð út á land á síðastliðnum árum, en í október 2007 hélt hann í sýningarferð til Akureyrar þar sem sýnd voru 3 verk í leikhúsinu á Akureyri. Þar að auki vann Peter Anderson skólaverkefni á vegum dansflokksins árið 2003 sem sýnt var í skólum á Suðurnesjum. Ætla mætti að eini ríkisstyrkti dansflokkurinn á Íslandi legði meira upp úr því að koma til móts við landsbyggðina með því að ferðast með hluta af sýningum sínum út á land og þjóna þannig sem dansflokkur allra landsmanna. Ástæður þess að flokkurinn hefur ekki sýnt oftár á landsbyggðinni eru að sögn stjórnenda aðstöðuleysi á landsbyggðinni auk þess sem

---

<sup>30</sup> Sjá viðauka, bls 23.

<sup>31</sup> Leiklistarhátíðin Actalone (e.d.).

tímaleysi spilar þarna inni.<sup>32</sup> Aðstaða fyrir stórar uppfærslur hefur ekki verið góð á landsbyggðinni. Með tilkomu Hofs á Akureyri árið 2010 verður þar breyting á og þegar þar að kemur verður kjörið fyrir Íslenska dansflokkinn að nýta sér þá góðu aðstöðu sem verður í Hofi til þess að setja upp sýningar.

Líklegt er að hluta af því hversu fáir leggja í að ferðast með sýningar út á land megi rekja til þess að ekki er til staðar sérstakt kerfi sem hvetur til sýningarferða út á land. Þeir sem hafa sett dansverk sín upp á landsbyggðinni hafa flestir gert það að eigin frumkvæði, þ.e. þeir hafa sett sig í samband við stofnanir út á landi og síðan leitað leiða til þess að fjármagna ferðalögin. Nú þegar þrjú menningarhús á landsbyggðinni hafa lagt áherslu á að skapa aðstöðu fyrir dans er skynsamlegt að hugsa með hvaða hætti megi hvetja danslistamenn til þess fara í auknu mæli með sýningar sínar út á land. Koma þyrfti á samstarfi milli starfandi danslistamanna og menningarmiðstöðvanna þriggja og finna leiðir til þess að mynda einhvers konar flæði dansverka milli höfuðborgar og landsbyggðar.

## **Kaflí 3 – Litið til Hollands**

### **3.1. Ísland landfræðilega í samanburði við Holland**

Ísland er 103.000 km<sup>2</sup> að stærð og er íbúafjöldinn rúmlega 313.000. Um 63% af íbúum landsins eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu.<sup>33</sup> Ísland er eitt strjálbýlasta land Evrópu, en þar eru um það bil 3 íbúa á hvern ferkílómetra.<sup>34</sup>

Holland er 41.526 km<sup>2</sup> að stærð og þar búa alls um 16,6 milljónir manna. Holland er eitt þéttbýlasta land Evrópu, en þar eru um það bil 468 íbúar á hvern ferkílómetra.<sup>35</sup>

Eins og sjá má eru löndin að mörgu leyti ólík og standa því frammi fyrir ólíkum áskorunum og vandamálum þegar kemur að því að mynda heildstæða menningarstefnu og styrkjakerfi sem gefst vel fyrir allt landið. Þrátt fyrir það má alltaf læra af athugunum og útfærslum annarra og Íslendingar gætu lært margt af Hollendingum.

---

<sup>32</sup> Ása Richardsdóttir, tölvupóstur, 01.02.2009.

<sup>33</sup> Fjölmeningarsetur (e.d.).

<sup>34</sup> Þórarinn Sólmundarson (1999).

<sup>35</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 20.

### 3.2. Stutt ágríp af þróun ríkisstyrkja til menningarstarfsemi í Hollandi

Við upphaf 20. aldarinnar voru listir að litlu leyti ríkisstyrktar í Hollandi. Landið var kaþólskt og völd og áhrif kirkjunnar voru mikil í landinu. Listviðburðir fengu einna helst stuðning ef boðskapur þeirra hugnaðist kaþólsku kirkjunni. Á þessum tíma var danslistin ekki hátt skrifuð, hún fékk litla viðurkenningu sem listgrein og naut engra opinberra styrkja. Það sama gilti raunar um leiklist.<sup>36</sup>

Holland fór ekki varhluta af áhrifum nasismans á stríðsárunum. Eftir að seinni heimstyrjöldin hófst og nasistar komust til valda í Þýskalandi breyttust áherslur í menningarmálum í Hollandi. Fyrir stríð stóðu stjórnvöld í Hollandi vörð um trúarlegt siðferði í listum og fjölmiðlum. Í stríðinu kvað við nýjan tón í afskiptum stjórnvalda af listum og fjölmiðlum, en við tók alvarleg ritskoðun og stýring. Á þessum tíma var auknum fjármunum veitt í listir og menningu, en ríkið tók m.a. dans, leiklist og kvikmyndalist undir sinn verndarvæng og gáfu styrki til uppbyggingar og starfsemi. Með þessum hætti var hægt að fylgjast með og stýra flestu því sem fór fram á sviði listar og menningar. Nokkrar mótmælendahreyfingar komu þó fram sem andmæltu stefnu stjórnarinnar. Þessar mótmælendahreyfingar áttu síðan eftir að aðstoða mikið við uppbyggingu Hollensks menningarlífs eftir stríð.<sup>37</sup>

Eftir að stríðinu lauk komu víða fram áhyggjur um að vestræn ríki væru í hættu að missa tengsl við sínar menningarlegu og siðferðislegu rætur. Margar þjóðir sátu eftir með sviðna jörð og sárt ennið þar sem þjóðfélagið allt hafði beðið alvarlega hnekki af völdum stríðsins. Öflugt uppbyggingarstarf tók við. Mikil uppbygging átti sér stað í menningarlífi og listum í Hollandi, ekki síst í sviðslistum. Leikhúsum var komið á fót um allt landið, bæði í stórborgum og litlum bæjum. Þær hugmyndir komu fram að eitt af því sem myndi hjálpa til við uppbyggingu eftir stríð væri að láta menningarlífið blómstra um allt landið. Opinberir styrkir til menningarstarfsemi höfðu aukist til muna á stríðsárunum, þrátt fyrir að allri starfsemi væri á þeim tíma stýrt eftir skoðunum ríkisstjórnarinnar. Í þeirri uppbyggingu sem fór fram eftir stríðið jukust styrkveitingar nokkuð. Hugmyndin var að ríkið myndi áfram styrkja listir og menningu rausnarlega á meðan stríðssárin væru að gróa og draga síðan úr styrkjum. Þær hugmyndir áttu þó eftir að breytast og ríkið hefur haldið áfram að

<sup>36</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 35.

<sup>37</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 36.

styðja við lista og menningarstarfsemi í landinu.<sup>38</sup>

Upp úr 1980 fór að gæta nokkurra þrenginga í efnahagsmálum sem varð til þess að ákveðnar breytingar þurftu að eiga sér stað í ríkisfjárveitingum. Leitast var við að móta skilvirkara og markvissara kerfi til þess að styrkja menningarstarfsemi í landinu. Mikil áhersla var lögð á að tryggja fjölbreytni og listræn gæði hjá þeim sem nutu opinberra styrkja.<sup>39</sup> Fjölbreytni og listræn gæði eru mjög óáþreifyfanleg og því eru sérstakar nefndir fengnar til þess að meta þessa þætti, en nefndirnar eru skipaðar sérfræðingum á þeim sviðum sem við á hverju sinni.<sup>40</sup> Árið 1993 var kynnt til sögunnar 4 ára plan sem notast er við í Hollandi í dag. Gert er fjárveitingaplan fyrir fjögurra ára tímabil í einu og stofnanir verða að sækja um fjárveitingar ári áður en næsta tímabil hefst. Þær stofnanir sem hljóta fjárveitingar eru undir ákveðnu gæðaeftirliti, en þær þurfa að ná ákveðnum markmiðum sem sett eru fyrir tímabilið. Mat á starfi og velgengni stofnananna er afar mikilvægur hlekkur í þeirri gæðastefnu sem þarna gildir. Minni einingar og verkefni í heimi sviðslista sem ekki falla undir fjögurra ára planið geta sótt um fjármagn í sérstakan sjóð sem ætlaður er sviðslistum, *Fund for Performing Arts*.<sup>41</sup>

### 3.3. Ríki og sveitarfélög

Ábyrgð og vald í tengslum við menningarstarfsemi skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga. Ríkið sér að mestu leyti um fjárveitingar til sviðslista. Viðhald sýningarstaða og aðstöðu eru á ábyrgð sveitarfélaganna auk þess sem þau eru ábyrg fyrir því að laða að áhorfendur á viðburði sem eiga sér stað á svæðinu.<sup>42</sup>

Fram kemur í ítarlegri skýrslu um menningarfestu í Hollandi að mjög mikilvægt sé að fjölbreytt menningarstarfsemi fari fram um allt landið og að slík starfsemi sé aðgengileg á sem flestum stöðum. Virkt menningarsamfélag laðar að menntað fólk á sviði menningar- og lista og gefur þeim tækifæri á að setjast þar að við störf og það hefur jákvæð áhrifa á atvinnuflóru svæðisins.<sup>43</sup>

---

<sup>38</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 37.

<sup>39</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 43.

<sup>40</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 49.

<sup>41</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 18.

<sup>42</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 46.

<sup>43</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 148.

Árið 1997 voru gerðir samsstarfssamningar milli ríkis, sýsla og borga í Hollandi. Þau svæði sem koma að samningunum eru borgirnar Amsterdam, Rotterdam, Haag og svæðin Mið Holland, Norður Holland, Austur Holland, Suður Holland og Vestur Holland.<sup>44</sup> Undir svæðin fimm falla 12 dreifbýlissvæði og 30 miðlungsstórar borgir. Þessar 42 einingar auk stóru borganna þriggja eiga að gera sína eigin menningarstefnu þar sem fram koma áherslur á einkenni mennignarlífsins á svæðinu.<sup>45</sup>

### 3.4. Hollenska ‘túrakerfið‘

Í Hollandi fá leikhúsin fjármagn frá borgum og sveitarfélögum til þess að starfa. Í leikhúsunum vinnur svokallaður *programmer* eða dagskrárgerðarstjóri. Hann er ábyrgur fyrir því að setja saman dagskrá fyrir leikhúsið, en hún samanstendur í flestum leikhúsum af fjölbreyttum leik- og dansverkum. Listamenn eða hópar hafa samband við dagskrárgerðarstjórnann ef þeir vilja að sýningin þeirra sé bókuð og það er í höndum dagskrárgerðarstjórnans að ákveða hvort sýningin verður sýnd þar eður ei. Þannig velja þeir sýningar, sem eru frambærilegar að þeirra mati, inn í leikhúsin. Dansverkin sem valin eru til þess að sýna í leikhúsunum eru hvort tveggja frá stórum dansflokkum á borð við Netherlands dance theater og einnig frá danshöfundum sem hafa vakið athygli og eru að skapa sér nafn. Það er alls ekki gefið að verk sem gerð eru seljist vel í leikhúsin, það veltur mikið á gæðum verksins sem og áherslum leikhúsanna hverju sinni. Með því að hafa starfandi dagskrárgerðarstjóra í leikhúsum um allt land gefst fjölmörgum áhugaverðum sýningum kostur á að ferðast um landið.<sup>46</sup>

Leikhúsin hafa fjármagn til þess að kaupa inn sýningar. Þegar sýningar eru keyptar inn í leikús eru tvær mismunandi leiðir mögulegar varðandi greiðslu til listamanna. Annars vegar er mögulegt að leikhúsið greiði listamönnum/hópum fyrirfram ákveðna upphæð fyrir að sýna í leikhúsinu. Þegar slíkt er gert fær leikhúsið allan ágóða af miðasölu. Hins vegar er mögulegt að leikhúsið greiði listamanni/hópum ekki fyrir sýninguna fyrirfram heldur fá þeir greidda prósentu af seldum miðum. Þetta er samningsatriði í hverju tilviki fyrir sig á

---

<sup>44</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 16.

<sup>45</sup> Ministry of Education, Culture and Science (2005), bls 148.

<sup>46</sup> Dorine Cremers, tölvupóstur, 25.02.2009.

milli listamannana og leikhúsanna.<sup>47</sup> Kerfið sem mótað hefur verið í Hollandi miðar að því, og ýtir undir, að sýningar geti farið víða um land.

#### **Kafla 4 – Nýjar leiðir**

Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir helstu atriðum sem komu fram við athuganir á stöðu danslistarinnar á landsbyggðinni og möguleikum hennar með áherslu á aðstöðu og fjármagn. Einnig hefur verið litið til Hollands og dregin upp mynd af þeirri stefnu sem þar hefur verið mótuð fyrir menningu og listir, með sérstaka áherslu á stöðu danslistarinnar.

Byggt á þessum athugunum verður hér sett fram tillaga um mögulegar umbætur á núverandi ástandi á Íslandi. Ísland er vissulega lítið og fámennt í samanburði við Holland og það þarf að horfa til þeirrar staðreyndar í þessu samhengi.

Eins og kemur fram í kafla 3.4. um hollenska túrakerfið er starfsmaður í hverju leikhúsi sem sér um að bóka sýningar. Þessi aðili er vel inni í öllum málum leikhússins, veit hverjir möguleikar leikhússins eru tæknilega auk þess sem hann fylgir listrænum áherslum þess við val á verkum. Hann verður einnig að hafa nokkra þekkingu á því sem á sér stað í leikhúss- og danslífi landsins almennt og vera í ágætum tengslum við markaðinn.

Á Íslandi vantar aðila sem starfar sem tengiliður á milli menningarhúsanna og atvinnulistafólks á höfuðborgarsvæðinu. Ef þetta er einungis skoðað út frá sjónarhorni dansins má segja að það vanti aðila sem sér um að bóka danssýningar í menningarhúsin þrjú úti á landi sem eru nú þegar með eða stefna að því að vera innan fárra ára með sérhæfða aðstöðu fyrir dans.

Því er hér með lagt til að sérstakur aðili sinni hlutverki dagskrárgerðarstjóra á sviði danslistar fyrir öll þrjú menningarhúsin sem hafa aðstöðu til danssýninga. Þessi aðili hefði góða yfirsýn yfir aðstöðu og möguleika hvers menningarhúss fyrir sig auk þess sem hann hefði þekkingu á þörfum danslistarinnar. Einnig væri hann í tengslum við það sem væri að gerast í íslensku danslífi og gæti því auðveldlega gert sér grein fyrir því hverslags sýningar væri ákjósanlegt að ferðast með út á land og hvar væri mögulegt að setja þær upp. Þetta mætti útfæra með því að ráða faglegan ráðgjafa í hlutastarf sem væri kostað af

---

<sup>47</sup> Dorine Cremers, tölvupóstur, 25.02.2009.

landshlutasamtökunum sem reka menningarmiðstöðvarnar þrjár sem hafa aðstöðu fyrir danssýningar. Landshlutasamtökin sem um ræðir eru Austurland, Norðurland eystra og Vestfirðir.

Ein stæsta fyrirstaða aukinna sýningarferðalaga á landsbyggðina er skortur á fjármagni. Menningarhúsin á Íslandi hafa eins og staðan er í dag ekki fjármagn til þess að kaupa til sín sýningar. Það fjármagn sem ríki og sveitarfélög leggja til menningarstarfsemi á landsbyggðinni er þó eins og áður kemur fram ætlað til þess að auka möguleika til menningarstarfsemi á landsbyggðinni og tengja saman landshluta. Því væri ekki úr vegi að nota hluta þessa fjármagns til þess að koma á fót kerfi sem stuðlar að bættum möguleikum til danssýninga á landsbyggðinni. Hér á eftir verða tvær mögulegar leiðir settar fram. Málið verður aftur skoðað einungis út frá sjónarhorni dansins.

Ein leiðin væri að menningarhúsin þrjú sem hafa eða munu í náginni framtíða hafa góða aðstöðu til danssýninga fengju úthlutað ákveðinni upphæð á ári frá þeim menningarráðum sem að þeim koma til þess að kaupa til sín danssýningar. Faglegi ráðgjafinn sem hefði umsjón með að bóka danssýningar inn í menningarhúsin hefði umsjón með þessu fjármagni. Þá yrði listamönnum greidd ákveðin upphæð fyrir sýningu og ferðakostnaður væri á ábyrgð listafólksins. Sú menningarmiðstöð sem keypti sýninguna myndi fá allan ágóða af seldum miðum.

Önnur leið væri að stofna virkan sjóð sem hefði það hlutverk að borga ferðakostnað fyrir listamenn út á land. Landshlutasamtökin sem koma að menningarmiðstöðvunum þremur sem hafa sérhæfða aðstöðu til danssýninga myndu koma að sjóðnum og greiða til hans árlegar upphæðir. Danssýningar væru bókaðar inn í menningarmiðstöðvarnar af faglegum ráðgjafa og þær sýningar sem yrðu valdar til þess að sýna úti á landi ættu öruggan aðgang að ferðastyrkjum. Listamennirnir myndu síðan frá ákveðna prósentu greidda af seldum miðum.

## **Niðurstöður**

Listdansinn hefur alltaf verið að miklu leyti bundinn við höfuðborgarsvæðið, ekki síst vegna þess að það er eini staðurinn á landinu sem býður upp á framhalds- og háskólamenntun á sviði listans auk þess sem þar er rekinn eini ríkisstyrkti dansflokkur

landsins. Markmið ritgerðarinnar var að skoða forsendur og möguleika á listdanssýningum á landsbyggðinni með tilliti til fjármagns og aðstöðu og skoða með hvaða hætti má bæta núverandi ástand.

Frá árinu 1999 hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu menningarmála á landsbyggðinni, einkum vegna þess að rannsóknir hafa leitt það í ljós að aðstaða til öflugrar lista- og menningarstarfsemi hefur áhrif á val fólks á búsetu.

Árið 2000 var unnin skýrsla um menningarmál á landsbyggðinni á vegum menntamálaráðuneytisins til þess að skoða möguleika á því að efla menningarstarfsemi landsbyggðarinnar. Í kjölfar skýrslunnar var komið á fót samstarfssamningum milli ríkis og sveitarfélaga, en slíkir samningar voru gerðir við sjö landshlutasamtök.

Nú hafa verið stofnaðar fimm menningarmiðstöðvar, á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Skagafirði og Egilsstöðum. Menningarmiðstöðvunum er ætlað að skapa betri aðstæður til fjölbreyttrar menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Af þessum fimm menningarmiðstöðvum eru þrjár sem hafa eða munu á næstu árum hafa sérstaka aðstöðu fyrir danssýningar.

Afar fáar danssýningar hafa ferðast út á land á síðastliðnum árum og er það meðal annars vegna aðstöðu- og fjármagnsskorts. Menningarsjóður félagsheimila hefur reynst listamönnum vel í gegnum tíðina þegar kemur að ferðastyrkjum, en árið 2009 fær sjóðurinn ekkert fjármagn til styrkveitinga. Þetta mun eflaust draga enn frekar úr sýningarferðum listamanna út á land. Ekki er til staðar sérstakt kerfi sem auðveldar sýningarferðir út á land og virkar hvetjandi.

Til þess að skoða mögulegar úrbótaleiðir var litið til Hollands. Síðan í seinni heimsstyrjöld hafa Hollendingar verið að þróa menningarstefnu sína og hafa mótað nokkuð öflugt styrkjakerfi fyrir listir og menningu. Þar sér ríkið að mestu leyti um fjárveitingar til sviðslista sem byggjast hvort tveggja á fjögurra ára styrktarplani fyrir stór verkefni og fámagni úr sérstökum styrktarsjóðum fyrir sviðslistir. Borgir og sveitarfélög sjá um að reka leikhúsin. Leikhúsunum er ætlað fjármagn til þess að kaupa sýningar og hefur hvert leikhús starfandi dagskrárgerðarstjóra sem sér um að kaupa inn áhugaverðar leik- og danssýningar. Með þessu gefst fjölmörgum sýningum kostur á að ferðast vítt og brett um landið með sýningar sínar.

Á Íslandi er enginn starfandi tengiliður á milli menningarhúsanna og atvinnulistafélks á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt þeim athugunum á stöðu danslistarinnar á landsbyggðinni sem gerðar hafa verið fyrir ritgerðina kemur í ljós að það er vöntun á faglegum ráðgjafa sem sér um að fá dansverk í menningarhúsin úti á landi og hefur hvort tveggja þekkingu á menningarhúsunum og þörfum dansins.

Byggt á þeim athugunum sem gerðar hafa verið voru settar fram tillögur um bætt ástand. Snéru þær annars vegar að því að landshlutasamtökin sem reka menningarhúsin þrjú sem hafa aðstöðu fyrir danssýningar, þ.e. Austurland, Norðurland eystra og Vestfirðir, myndu veita fjármagn til þess að ráða faglegan ráðgjafa sem hefði umsjón með því að bóka dansverk í menningarhúsin. Hins vegar snérist tillögurnar að því að mynda sjóð sem væri notaður til þess að fá danssýningar í húsin. Sjóðurinn væri annað hvort nýttur til þess að greiða listamönnum fyrir að koma og sýna verk sín í ákveðnu menningarhúsi eða til þess að greiða ferðakostnað fyrir listamenn sem fengju þá ákveðna prósentu greidda af seldum miðum. Með þessum hætti mætti styrkja stöðu danslistarinnar á landsbyggðinni til muna og íslenskt danslíf, sem er í mikilli uppbyggingu um þessar mundir, fengi tækifæri til að blómstra víðar en í höfuðborgarsvæðinu.

Vigdís Eva Guðmundsdóttir

Reykjavík 27.febrúar 2009

## Heimildaskrá

Arnar S. Jónsson og Jón Jónsson (2004). *Menningarhús í Vestmannaeyjum*.

Vestmannaeyjar: Verkefnisstjórn um byggingu menningarhúss í Vestmannaeyjum.

Ágúst Einarsson (janúar 2007). *Hvers vegna á að styðja við listir út frá hagrænu sjónarmiði?*. Erindi flutt á aðalfundi Bandalags íslenskra listamanna, Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Árni Böðvarsson (ritstj.) (1996). *Íslensk orðabók* (2.útg). Reykjavík: Mál og menning.

Edinborg – menningarmistöð (2007 a). *Saga hússins*. Sótt 23.02.2009 af:

<http://www.edinborg.is/index.asp?cat=page&sm=324>

Edinborg – menningarmiðstöð (2007 b). *Edinborgarsalur*. Sótt 23.02.2009 af:

<http://www.edinborg.is/index.asp?cat=page&sm=318>

Eyjamenn reisa menningarhús (10.2.2009). *Morgunblaðið*. Sótt 22.02.2009 af:

[http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/02/10/eyjamenn\\_reisa\\_menningarhus/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/02/10/eyjamenn_reisa_menningarhus/)

Fjölmenningarsetur (e.d.). *Landið í tölum*. Sótt 24.02.2009 af:

<http://www.mcc.is/island/landid-og-ibuar/>

Leiklistarhátíðin Actalone (e.d.). *Um hátíðina*. Sótt 24.02.2009 af:

[http://www.actalone.net/index.phtml?p=act\\_pages&id=5&m=5](http://www.actalone.net/index.phtml?p=act_pages&id=5&m=5)

Menningarhúsið Hof (e.d. a). *Menningarhús*. Sótt 23.02.2009 af:

<http://www.menningarhus.is/menningarhus/>.

Menningarhúsið Hof (e.d. b). *Aðalsalur*. Sótt 23.02.2009 af:

<http://www.menningarhus.is/menningarhus/tonlist-svidslist/adalsalur/>

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs (e.d.). *Upplýsingar um MMF*. Sótt 24.02.2009 af: <http://mmf.egilsstadir.is/>

Menntamálaráðuneytið (1999). *Nefnd til að undirbúa byggingu menningarhúsa*. Sótt 22.02.2009 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/1688>

Menntamálaráðuneytið (2000). *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið (2005). *Samkomulag um uppbyggingu menningarhúss í Skagafirði*. Sótt 20.02.2009 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/3209>

Menntamálaráðuneytið (e.d. a). *Samningar um samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál*. Sótt 19.02.2009 af : <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/4496>

Menntamálaráðuneytið (e.d. b). *Menningarsjóður félagsheimila*. Sótt 21.02.2009 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menningarmal/nr/1836>

Ministry of Education, Culture and Science (2005). *Cultural policy in the Netherlands*. Amsterdam: Boekmanstudies.

Sveitarfélög á Austurlandi (2008). *Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál*. Sótt 23.02.2009 af: <http://skriduklaustur.is/menning/ssasamn2008.pdf>

Þórarinn Sólmundarson (1999). *Forsendur búsetu - afkoma í landbúnaði..* Sótt 23.02.2009 af:

<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/8b428a5f5079c9b500256bad0051f4ea?OpenDocument>

Próunarstofa Austurlands (2000). *Stefna í menningarmálum á Austurlandi.* Sótt 25.02.2009 af: <http://www.skriduklaustur.is/menning/stefna.pdf>

Þrjú menningarhús endurbyggð á Ísafirði. (25.4.2003). *Morgunblaðið.* Sótt 22.02.2009 af: [http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/04/25/thrju\\_menningarhus\\_endurbyggd\\_a\\_isa\\_firdi/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2003/04/25/thrju_menningarhus_endurbyggd_a_isa_firdi/)

## **Viðauki**

**Við vinnslu 2. kafla var haft samband við danslistamenn sem sýnt hafa á landsbygðinni á undanförunum árum og eftirfarandi spurningar lagðar fyrir:**

Aðstaða:

- Hvar var verkið sýnt, þ.e. hvar á landinu og í hvaða húsnæði?
- Hvernig var aðstaðan til þess að sýna dansverk?
- Var sýningin hluti af einhvers konar hátíð?

Fjármagn

- Hvernig var sýningarferðin fjármögnuð (eigið fjármagn, styrkir frá fyrirtækjum eða styrktarsjóðum, framlag frá sveitarfélögum eða hátíðum sem heimsótt voru o.s.frv.)?

**Eftirfarandi aðilar svöruðu spurningunum:**

Ástrós Gunnarsdóttir

Erna Ómarsdóttir

Lára Stefánsdóttir

Ólöf Ingólfssdóttir

Saga Sigurðardóttir